



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

10. tbl – nóvember 2016

Nú er sumardagskrá **Retrieverdeildar** lokið. Deildin stóð fyrir **Meistarakeppni** í fyrsta sinn í Sólheimakoti. Þátttakendum var skipt í opinn flokk og úrvalsflokk sem dæmdir voru af Margréti Pétursdóttur og Halldóri Björnssyni. Sama kvöld var vel sóttur kvöldverður þar sem félagsmenn komu saman og áttu góða stund.



Hundafimikeppni og **bronsmerkjapróf** í hundafimi var haldið á vegum **Íþróttadeildar HRFÍ** þann 1. október sl. í reiðhöll Andvara. Dómari var Ragnar Sigurjónsson. Styrktaraðilar keppinnar voru Sláturfélag Suðurlands og Lýsi hf. Við þökkum styrktaraðilum, dómara, ritara og öðrum sem komu að mótinu kærlega fyrir.


Átta hundar voru skráðir til keppni að þessu sinni og tveir hundar voru skráðir í bronsmerkjapróf. Úrslit keppinnar má finna inná hundafimi.is.

Kynningartími í hundafimi var haldinn 28. ágúst þar

mættu margir hundar og eigendur til að prufa íþróttina. Deildin heldur u.þ.b. fjóra kynningartíma á ári og verður næsti kynningartími auglýstur á hundafimi.is hér að neðan og einnig á facebook síðu deildarinnar „Hundafimi HRFÍ“.




Garðheimar í samvinnu við Hundaræktarfélagið stóðu fyrir **Stórhundadögum** helgina 8.-9. október. Tilgangur Stórhundadaga er að gefa deildum HRFÍ tækifæri til að kynna hinar ýmsu hundategundir fyrir almenningi. Kynningin var opin almenningi frá klukkan 13.00 - 17:00 báða dagana. Menn voru almennt sammála um að vel hefði heppnast.



Dagur Ungmennadeildar HRFÍ var haldinn hátíðlegur sunnudaginn 25. september í **Gæludýr.is** á Korputorgi.

Börnum á aldrinum 3-5 ára og 6-8 ára gafst tækifæri til að spreyta sig í sýningarhring með fjórfætta vini sína ásamt því að keppt var í yngri og eldri flokki ungra sýnenda og fullorðinsflokki 18-34 ára og 35 ára og eldri.

Skráning fór fram úr björtustu vonum en rúmlega **80 skráningar** bárust frá þátttakendum á öllum aldri! Dómarar voru Hafdís Jóna Þórarinsdóttir (barnaflokkar), Karen Ösp Guðbjartsdóttir (ungir sýnendur) og Erna Sigríður Ómarsdóttir (fullorðinsflokkar) og er þeim færðar bestu þakkir fyrir.



Stjórn Ungmennadeildar HRFÍ þakkar **Dýrheimum ehf.** fyrir frábær verðlaun og þáttökuverðlaun, **Gæludýr.is** fyrir gestrisnina, **Melabúðinni** fyrir glæsilega vinninga í fullorðinsflokki og öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við undirbúning, tóku þátt eða mættu til að fylgjast með þessum skemmtilega viðburði. Deildin mun svo sannarlega halda áfram að standa fyrir viðburðum sem þessum í framtíðinni og mun gera sitt allra besta til að halda utan um barna- og unglíngastarfið og hvetja þau yngstu til að vera með í hundasportinu.



Á döfinni:

Landslið ungra sýnenda keppir fyrir hönd HRFÍ á **Nordic Winner** þann 5. nóvember. Nordic Winner sýningin er að þessu sinni haldin í Herning í **Danmörku** dagana 5.-6. nóvember. Landsliðið skipa: Berglind Gunnarsdóttir, Elena Mist Theodórsdóttir, Hafdís Jóna Þórarinsdóttir og Vaka Víðisdóttir. Þjálfari liðsins og liðsstjóri er Auður Sif Sigurgeirsdóttir. Hægt verður að fylgjast með fréttum frá keppninni á Facebook-síðu **Ungmennadeildar HRFÍ** og á Facebook-hópnum „**Ungir sýnendur á Íslandi**“. Við óskum stelpunum góðs gengis á laugardaginn.



Kynningartími verður haldinn **6. nóvember** kl. 17:00 í reiðhöll Andvara að Hattarvöllum 2, 210 Garðabæ.

Laugardaginn 26. nóvember kl. 13:00-16:00 verður haldin **hundafimi keppni og bronsmerkjapróf** í reiðhöll Andvara að Hattarvöllum 2, 210 Garðabæ. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu deildarinnar **hundafimi.is**

Royal Canin hvolpasýning HRFÍ verður haldin föstudagskvöldið 11. nóvember í reiðhöllinni í Víðidal. Fjórir dómarafrá jafnmörgum löndum munu mæta og velja bestu hvolpa tegundar. Bestu hvolpar tegunda koma seinna um kvöldið og keppa til úrslita í tveimur aldursflokkum, 3-6 mánaða og 6-9 mánaða, um bestu hvolpa sýningar. Samtals eru 160 hvolpar skráðir af 38 tegund svo margt verður um manninn og mikil stemning.



HVOLPASÝNING
160 hvolpar af 38 hundategundum á öldrunum 3-9 mánaða.

FÖSTUDAGINN
11. NÓV.
KL. 18:00 - REIÐHÖLLINNI Í VÍÐIDAL

UNGIR SÝNENDUR
29 ungmenni á öldrunum 10-17 ára.

ADGANGUR ÓKEYFIS
Dagur á sýningu með frekri á www.hrf.is

Keppni ungra sýnenda fer einnig fram föstudagskvöldið 11. nóvember í reiðhöllinni í Víðidal. Samtals eru 29 ungmenni skráð til leiks, þar af 14 krakkar í yngri flokki, 10-12 ára og 15 krakkar í eldri flokki, 13-17 ára. Dómari að þessu sinni verður Svante Frisk frá Svíþjóð. Ungir sýnendur er flokkur fyrir krakka og unglina á aldrinum 10-17 ára. Keppt er í ungum sýnendum á hundasýningum um allan heim. Í ungum sýnendum dæmir dómari sýnandann, þ.e. hvernig hundurinn er sýndur, hvernig honum er stillt upp, hvernig hann er hreyfður, hvernig sambandið er milli sýnanda og hunds, hvort sýnandinn þekki tegund hundsins o.s.frv.



ALPJÓDLEG HUNDASÝNING HELGUNA 12.-13. NÓV.
KL. 9:00 - 16:00 - REIÐHÖLLINNI Í VÍÐIDAL

611 hvalpar af 80 tegundum, 5 alderar frá 5 löndum, fjóru og fjórtíu hundar, óstíga og óaldungar ólíka helðra.

MIÐLAVERÐ: 700 kr.
Frán fyrir börn 12 ára og yngri í fylgi með hvalþöngu.
Óryktir og afliðingabætur: Frán.

Redigree **DÝRABÆR** **ROYAL CANIN**

Dagur á sýningu með frekri á www.hrf.is

Alpjóðleg sýning HRFÍ fer fram helgina 12.-13. nóvember í reiðhöll hestamannafélagsins Fáks í Víðidal. Glæsileg skráning er á sýninguna, eða 611 hundar af 80 tegundum, og mun stemningin verða eftir því. Þessi sýning markar lok sýningarársins 2016 og verður spennandi að sjá hvaða hundar munu skara fram úr að mati dómara. Einnig mun koma í ljós hvaða hundur og öldungur verður stigahæstur eftir þetta sýningarár. Fimm dómarafrá fimm löndum munum mæta og velja bestu fulltrúa hverjar tegundar. Þeir munu svo keppa um besta hund sýningar á sunnudeginum. Sýningin mun hefjast klukkan 09:00 báða daga og munu dómara standa fram eftir degi alla helgina.




Augnskoðun HRFÍ fer fram dagana **24.-26. nóvember**. Susanne Mølgaard Kaarsholm frá Danmörku mun koma og augnskoða fyrir félagið á skrifstofu félagsins í Síðumúla 15 í Reykjavík. Augnskoðað verður frá kl.10.00 -16.00 fimmtudag til laugardag. Tímamantanir í augnskoðun fara fram á skrifstofu HRFÍ eða í síma 588-5255. Gefa skal upp ættbókarnúmer hunds og ganga frá greiðslu um leið og hundur er skráður. **Síðasti skráningardagur í augnskoðun er fimmtudagurinn 10. nóvember**, eða fyrr ef allir tímar klárast og því biðjum við félagsmenn að vera tímalega að tryggja sér pláss.

Jólaball Chihuahuaeildar HRFÍ verður haldið **laugardaginn 26. nóvember** kl. 14.00 í Gæludýr á Korputorgi. Að venju verður boðið upp á heitt súkkulaði með rjóma en félagar í deildinni eru beðnir um að koma með eitthvað gott á sameiginlegt veisluborð.

Ungmennadeild HRFÍ mun standa fyrir **jólaboði** fyrir meðlimi deildarinnar **sunnudaginn 27. nóvember** í húsnæði skrifstofu HRFÍ, Síðumúla 15. Boðið verður upp á veitingar í boði deildarinnar. Nánari upplýsingar verða á Facebook og heimasíðu Ungmennadeildar, ungmennadeild.weebly.com, þegar nær dregur.

Kynning á starfsmönnum Hundaræktarfélagins



Guðný Rut Isaksen

Guðný hóf störf á skrifstofu félagsins þann 1. nóvember síðastliðinn og kemur til okkar frá rannsóknarfyrirtækinu Gallup en hún hefur starfað þar síðastliðin 10 ár sem ráðgjafi og viðskiptastjóri á sviði markaðsrannsókna. Hún er sálfræðimenntuð og hefur BA og MA gráðu í greininni frá Kanada þar sem hún stundaði mest allt sitt nám. Á milli þess sem hún ætlaði sér að starfa sem sálfræðingur datt henni í hug að fara í meistaranám í Viðskiptafræði við Háskóla Íslands en á eftir að klára lokaritgerð við þann skóla til að geta kallað sig viðskiptafræðing. Í starfinu hjá Gallup sinnti hún stórum og litlum verkefnum og stýrði meðal annars mannfrekum verkefnum fyrir Evrópusambandið. Hún hefur einnig unnið við vefstjórn hjá þeim fyrirtækjum sem hún hefur unnið hjá eftir að námi lauk og var meðal annars vefstjóri Gallup. Guðný vinnur einnig með og situr í stjórn hjálparsamtaka sem senda hjálpartæki fyrir fatlaða til landa þar sem hjálpartæki eru langt frá því að vera sjálfsagður hlutur og ekki á færi allra.

Árið 2013 eignaðist Guðný labrador rakka með ættbók frá HRFÍ og hvatti ræktandinn hana eindregið til að mæta á sýningar með gullmolann. Guðný hefur þó átt og fóstað fjölmarga hunda af öllum gerðum og tegundum áður bæði á Íslandi og í Kanada en hefur kallað labradorinn sinn fyrsta fullorðinshund. Eftir það var ekki aftur snúið og ástæðan ekki síst vegna þess að Retriver fólk í HRFÍ bauð þau innilega velkomin og var sá reynslumikli hópur óspar á ráð og aðstoð. Til viðbótar við sýningarbakkeríuna fékk Guðný einnig gríðarlegan áhuga á uppeldi hunda og kláraði nám í hundapjálfun hjá Hundastefnunni 2015 til að reynast sínum hundum betur en einnig til að aðstoða aðra hundaeigendur. Fljótlega eftir að labradorinn eignaðist í henni öll bein langaði hana að bæta við öðrum hundi enda leiðir einn hundur oft til annars sem er vel þekkt hjá hundafólki. Leiðir hennar og ástralska fjárhundakynsins lágu þá saman og bættist fullorðinn rakki við heimilið þegar vinnufélagi tengdi hana við ræktendur sem voru í leit að réttu fjölskyldunni fyrir hund á þeirra vegum. Síðan þá hefur einn ástrali í viðbót bæst við heimilishaldið hjá Guðnýju sem nú telur sex börn á öllum aldri, þrjá hunda og kött sem er ekki eins hrifinn af hundunum og aðrir heimilismenn.

Guðnýju hlakkar mikið til samstarfsins við félagsmenn og til þess halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið fyrir hóp hundaeigenda í félaginu í gegnum árin. Ef þú ert með hugmyndir, ábendingar eða vilt bara koma og heilsa upp á Guðnýju getur þú fundið hana á skrifstofunni og býður hún alla velkomna í spjall.



Stefanía H. Sigurðardóttir

Ég hef fylgst með starfsemi HRFÍ í fjölda ára og verið félagsmaður frá árinu 2015. Það sumar fór ég á hringstjóra og ritaranámskeið og hef starfað á sýningum félagsins eftir það. Nýlega eignaðist ég langhundinn Húbert sem er tæplega 10 mánaða en áður átti ég hundinn Lubba sem dó árið 2013. Vegna áhuga míns á hundum, var ég í hópi nokkurra áhugamanna sem tóku sig saman og fóru á fund Reykjavíkurborgar á sínum tíma og í því samstarfi var á sínum tíma lagað til á Geirsnefi og gerði fyrir minni hunda reist.

Ég vann hjá Útvegsbanka Íslands, Landsbanka Íslands og lengi vel hjá Reiknistofu bankanna. Áður en ég hóf störf á skrifstofu HRFÍ vann ég hjá Reykjavíkurborg.

Ég er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, sérsvið mitt er stjórnun og forysta en bakgrunnur minn er í rekstrar- og þjóðhagfræði og stunda nú masters nám í viðskiptafræði.



Erna Sigríður Ómarsdóttir

Erna hóf störf í afgreiðslu á skrifstofu félagsins í byrjun september. Hún lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands í maí og vann við afgreiðslu í gjafavöruverslun á meðan námi stóð. Erna eignaðist sinn fyrsta hunda árið 2007 af tegundinni papillon sem var með ættbók frá HRFÍ og hefur átt 2 papillon hunda og 1 þaléne síðan þá.

Árið 2008 tók Erna þátt á sinni fyrstu sýningu sem ungur sýnandi og hefur mætt á næstum allar sýningar félagsins síðan þá. Erna tók þátt í ungum sýnendum þar til hún varð of gömul og fór meðal annars með landsliðinu út á Nordic Winner þrisvar sinnum og var fulltrúi Íslands í keppni ungra sýnenda á heimssýningunni í Ungverjalandi 2013. Hún hefur sýnt fjöldan allan af tegundum og hundum í ýmsum löndum í gegnum árin, þá mest í Bandaríkjunum. Erna hefur aðstoðað við og á sýningum félagsins síðan 2010, meðal annars í sýningarhring og sem sjálfbóðaliði á skrifstofu við undirbúning sýninga og fleira.